

Fundargerð

Fundur, 15. júní 2022 (í gegnum Teams). Fundur hófst kl. 13:30.

Fundinn sátu:

Davíð Örvar Hansson, Eva B. Sólan Hannesdóttir og René Biasone, fulltrúar Umhverfisstofnunar
Þórólfur Jónsson, fulltrúi Reykjavíkurborgar
Tómas Guðberg Gíslason fulltrúi Mosfellsbæjar

Markmið fundar:

- Farið yfir athugasemdir á 6 vikna kynningartíma og unnið að greinargerð.
- Ákvörðun um næstu skref.

Efni fundarins:

Í upphafi fundar var rætt um að tveir kjörnir fulltrúar f.h. Mosfellsbæjar í samstarfshópnum væru horfnir til annarra starfa. Fram kom hjá fulltrúa Mosfellsbæjar að ekki væri talin þörf á að skipa nýja fulltrúa enda hefur ríkt sátt um þá vinnu sem hefur verið unnin. Þá er ekki gert ráð fyrir efnislegum breytingum á tillögnum eða afmörkun svæðisins. Fulltrúi Mosfellsbæjar hyggst kynna tillöguna, ásamt fundargerð fundarins og greinargerð um framkomnar athugasemdir, í umhverfisnefnd Mosfellsbæjar í næstu viku.

Farið yfir athugasemdir sem bárust á kynningartíma tillögunnar.

Farið var yfir þær athugasemdir sem bárust vegna tillögunnar en erindi bárust frá 7 aðilum, þ.e. Hafrannsóknastofnun, ISAVIA, Landgræðslunni, Matvælaráðuneytinu, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og SAMÚT (félagi húsbílaeigenda).

Almennt krefjast athugasemdir ekki breytinga á skilmálum.

Athugasemd frá Minjastofnun sagði frá töluverðu landbroti á Blikastaðanesi þar sem minjum er ógnað og þörf á aðgerðum til að hefta landbrot. Framkvæmdir hafa ekki verið útfærðar eða staðsettar nákvæmlega en varnir eru í skoðun. Gert ráð fyrir að slík framkvæmd væri háð leyfi Umhverfisstofnunar og annarra aðila en að öðru leiti er ekkert sem heftir möguleika á aðgerðum að fengnu leyfi.

Í erindi SAMÚT er bent á að mismunandi orðanotkun sé viðhöfð yfir sömu atriði, þ.e. að í skilmálum er ýmist fjallað um almenning, gesti eða ferðamaenn. Með hliðsjón af athugasemdunum ákvað samstarfshópurinn að fela fulltrúum Umhverfisstofnunar að fara yfir tillöguna og samræma orðalag eftir þörfum. og horfa til orðanna „almennings“, þar sem vísað er í rétt almennings skv. náttúruverndarlögum, og vitna til „gesta“ svæðisins annars.

EKKI verður notast við orðið „ferðamaenn“. Jafnframt bendir hún á orðið „vatnsbol“ sem er ekki vel þekkt en hópur vísar til 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd sem fjallar um efni auglýsingar um friðlýsingu þ.m.t. vatnsbol.

Friðlýsingar

Fulltrúi Reykjavíkurborgar benti á að í Geldinganesi er opinbert hundasvæði þar sem hundar fá að vera lausir en þaðar friðlýsta svæðisins er í fjöru Geldinganes. Reynslan er að hundar séu ekki í fjörunni þar sem friðlandið nær að Geldinganesi. Ekki er því talin þörf að breyta reglum um hunda í tillögunni en skv. 6. gr.hennar skulu hundar hafðir í taumi innan friðlýsta svæðisins.

Næstu skref:

Fulltrúar Umhverfisstofnunar vinna greinargerð úr framkomnum athugasemdum og í samræmi við umræður á fundinum og sendir til samstarfshópsins ásamt fundargerð fyrir fundinn. Tillaga að friðlýsingu með orðalagsbreytingum verður einnig send samstarfshópnum til samþykktar. Að því búnu verður tillagan einnig lögð fyrir afgreiðslufund Umhverfisstofnunar. Í kjölfarið og að fengnu samþykki samstarfshópsins verður tillagan send ráðherra til ákvörður.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14:10.